

Birgir Ármannsson
forseti Alþingis


Reykjavík, 18. ágúst 2023

Erindi frá Hinu íslenska fornritafélagi

Kæri Birgir,

Hið íslenska fornritafélag óskar hérmeð eftir áframhaldandi stuðningi frá Alþingi og ríkisstjórn Íslands við útgáfu félagsins, ritröð *Íslenzkra fornrita*. Núverandi samningur sem félagið gerði við menningar- og viðskiptaráðuneytið rennur út í lok þessa árs (2023). Félagið hefur á samningstímanum fengið 21 milljón króna á ári; 7 milljónir kr. hafa komið frá ráðuneytinu og 14 milljónir kr. frá Alþingi, „sérstakt framlag skv. ákvörðun Alþingis,“ eins og segir í samningnum við ráðuneytið (liður 3.1). – Hið íslenska fornritafélag óskar eftir sama áframhaldandi stuðningi og framlagi frá ríki og Alþingi til næstu ára (2024–2028). Félagið er nú þegar með nokkur útgáfuverk í vinnslu og önnur eru í undirbúningi. Sjá meðfylgjandi útgáfuáætlun félagsins til næstu ára.

Virðingarfyllst,



Halldór Blöndal
forseti HÍF



Þórður Ingi Guðjónsson
ritstj. Íslenzkra fornrita

Ps. Sams konar bréf sent Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra og fjárlaganefnd.

Hið íslenska fornritafélag – Útgáfuáætlun 2024–2030

Nú er unnið að eftirfarandi útgáfum:

Guðmundar sögur biskups (2 bindi) – áætluð útgáfa 2024

Grágás og Jónsbók (3 bindi) – áætluð útgáfa 2026

Snorra Edda og málfræðiritgerðir (2–3 bindi) – áætluð útgáfa 2028

Í undirbúningi:

Fornaldarsögur Norðurlanda – áætluð útgáfa 2030

Riddarasögur og þýddar sögur